
KASTLJÓS

Ljós ,73: 780 ljósmyndir á sýningu



— Við erum búnir að liggja yfir þessu í þrjár vikur. Fengum lánaða þriggja herbergja íbúð og lögðum hana algjörlega undir okkur dag og nótt, sögðu þeir Pjetur Maack og Kjartan Kristjánsson, sem ásamt fjórum félögum sínum standa að ljósmyndasýnigunni ..LJÓS 73'', er var opnuð á Kjarvalsstöðum í gær.

Á sýningunni eru 130 svart/hvítar ljósmyndir, sem þeir hafa tekið hér og þar um landið og í Færeyjum. Auk þess sýnir Gunnar Hannesson hvorki meira né minna en 650 litmyndir á sjö stórum sýningartjöldum, og eru þær sýndar stöðugt allan daginn (sjá nánar „Hvað er á seyði?'', bls. 8).

Þetta er önnur sýning þeirra félaga. Í hitteðfyrra sýndu þeir svart/hvítar ljósmyndir á sýningu, sem þeir nefndu „Ljós 71. Það er athyglisvert, að það skuli vera hópur áhugamanna um ljósmyndun, sem standa fyrir ljósmyndasýningum hérlendis, en ekki faglærðir ljósmyndarar.

Þeir Pjetur og Kjartan létu mjög vel af fyrstu viðbrögðum við sýningunni en neituðu því ekki, að um nokkra fjárhagsáhættu væri að ræða. — Þessi sýning kostar okkur ekki undir hálfri milljón, sagði Pjetur, — og til að fara sléttir út úr henni, þá verðum við að fá að minnsta kosti 3000 manns.

Allar myndirnar eru til sölu og er verðið frá 3.500 krónum til 7.500 króna. Fer það nokkuð eftir stærð.

Meðfylgjandi mynd tók einn þeirra félaga, Gunnar Guðmundsson.

HVAÐ ER Í ÚTVARPINU?

Föstudagur
2. nóvember

7.00 **Morgunútvarp.**
Veðurfregnir kl. 7.00, 8.15 og 10.10. **Morgunleikfimi** kl. 7.20 Fréttir kl. 7.30, 8.25(og forystugr. dagbl. kl. 9.00 og 10.00 **Morgunbæn** kl. 7.55. **Morgunstund barnanna** kl. 8.45: Anna Snorrasóttir les framhald sögunnar „Paddington kemur til hjálpar'' eftir Michael Bond (2). **Þingfréttir** kl. 9.45. **Spjallað við bændur** kl.

12.00 Dagskráin. Tónleikar. Tilkynningar.
12.25 Fréttir og veðurfregnir. Tilkynningar. Tónleikar.
13.30 **Með sínu lagi.** Svavar Gests kynnir lög af hljómplötum.
14.30 **Síðdegissagan: „Saga Eldeyjar-Hjalta'' eftir Guðmund G. Hagalín.** Höfundur les.
15.00 **Miðdegistónleikar.**

16.00 Fréttir. Tilkynningar.
16.15 Veðurfregnir.
16.20 **Popphornið**
17.10 **Útvarpssaga barnanna: „Mamma skilur allt'' eftir Stefán Jónsson.** Gísli Halldórsson les (3).
17.30 **Framburðarkennsla í sambandi við bréfaskóla SÍS og ASÍ.** Danska. Kennari: Ágúst Sigurðsson.
17.40 Tónleikar. Tilkynningar.
18.30 **Frettir**
18.45 Veðurfregnir.
18.55 Tilkynningar.
19.00 Veðurspá. **Fréttaspegill.**
19.20 **Þingsjá.** Davíð Oddsson sér um þáttinn.
19.45 **Heilbrigðismál: Barnalækningar, fyrsti þáttur.** Gunnar Biering læknir talar um mataræði unglinga.
20.00 **Tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands í háskólabíói kvöldið áður. Stjórnandi: Okko Kamu frá Finnlandi. Einleikari á lágfiðlu: Walter Trampler frá Bandaríkjunum.** a. „Don Juan'', forleikur eftir Wolfgang Amadeus Mozart. b. Lágfiðlukonsert eftir Bela Bartók. c. Sinfónía nr. 1 í c-moll op. 68 eftir Johannes Brahms. — Jón Múli Árnason kynnir tónleikana.
21.30 **Útvarpssagan „Dvergurinn'' eftir Pär Lagerkvist í þýðingu Málfríðar Einarsdóttur.** Hjörtur Pálsson les (3).
22.00 Fréttir. **Eyjapistill.**
22.35 **Draumvísur.** Sveinn Magnússon og Sveinn Árnason kynna lög úr ýmsum áttum.
23.35 Fréttir í stuttu máli. Dagskrárlok.

HVAÐ ER Á SKJÁNUM?

Föstudagur
2. nóvember

20.00 Fréttir
20.25 **Veður og auglýsingar.**
20.30 **Maður er nefndur** Sverrir Kristjánsson sagnfræðingur. Pétur Pétursson ræðir við hann. Kvikmyndun: Þrándur Thoroddsen.
21.25 **Landshorn.** Fréttaskýringaþáttur um innlend málefni. Umsjónarmaður Svala Thorlacius.
22.00 **Tvísöngur í sjónvarpssal.** Hjónin Sieglinde Kahmann og Sigurður Björnsson syngja lög úr óperettum. Stjórn upptöku Tage Ammendrup. Áður á dagskrá 18. ágúst 1968.
22.20 Dagskrárlok.

Keflavík

FÖSTUDAGUR
2. nóvember.

2.55 Dagskráin.
3.00 Fréttir.
3.05 Across The Seven Seas.
3.30 Loyd Bridges.
4.00 Gömul kvikmynd (The silent Enemy).
5.30 Skemmtiþáttur Buck Owens.
6.30 Fréttir.
7.00 Jassþáttur.
7.30 It Was A Very Good Year.
8.00 Skemmtiþáttur Mary Tyler Moore.
8.30 Skemmtiþáttur Bill Cosby.
9.00 Sjötta skilningarvitið (One Step Beyond).
10.00 Sakamálaþáttur Perry Mason.
10.55 Helgistund.
11.00 Fréttir.
11.10 Late Show (Indian Scarf).
12.30 Night Watch (Doctor Of Doom) Hryllingsmynd um lækni sem tekst að notfæra sér breyttan apaheila sem hann setur í ófreskju, í þeim tilgangi að láta hana útvega sér fórnarlömb til frekari rannsókna. Lorena Velazquez, Armano Silvestre og Sonia Infante í aðalhlutverkum.-

BÍÓIN

STJÖRNUBÍÓ Sími 18936

Á gangi í vorrigningu
(A Walk in The Spring Rain)



Frábær og vel leikin ný amerísk úrvalskvikmynd í litum og Cinema Scope með úrvalsleikurunum **Anthony Quinn** og **Ingrid Bergman.** Leikstjóri: **Guy Green.** Mynd þessi er gerð eftir hinni vinsælu skáldsögu „A Walk in The Spring Rain'' eftir Rachel Maddux kom framhaldssaga í Vikunni.
Íslenskur texti
Sýnd kl. 5,7 og 9,
Bönnuð innan 12 ára

LAUGARÁSBÍÓ Sími 32075



CLINT EASTWOOD
JOE KIDD
TECHNICOLOR® PANAVISION®
A Universal/Malpaso Company Production
PG

Geysispennandi bandarísk kvikmynd í litum með íslenzkum texta með hinum vinsæla **Clint Eastwood** í aðalhlutverki ásamt þeim **Robert Duvall, John Saxon** og **Don Straud.** Leikstjóri er **John Sturges.**
Sýnd kl. 5,7 og 9.
Bönnuð börnum innan 16 ára.

HAFNARBÍÓ Sími 16444



Ógnun af hafsbotni
(Doom Watch)

Spennandi og athyglisverð ný litmynd, um dularfulla atburði á smáey, og óhugnanlegar afleiðingar sjávarmengunar.
Aðalhlutverk: **Ian Bannen, Judy Greeson, George Sanders.**
ÍSLENSKUR TEXTI
Bönnuð innan 14 ára.
Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11.

HÁSKÓLABÍÓ Sími 22140

Kaktusinn í snjónum
Cactus in the snow



Fyndin og hugljúf mynd um kynni ungs fólks, framleidd af Lou Brandt. Kvikmyndarhandrit eftir Marti Zweback, sem er einnig leikstjórinn.
Íslenskur texti.
Aðalhlutverk: Mary Layne, Richard Thomas
Sýnd kl. 5,7 og 9.

KÓPAVOGSBÍÓ Sími 41985

Bláu augun

Mjög áhrifamikil og ágætlega leikin kvikmynd, tekin í litum og Panavision.
Íslenzkur texti.
Hlutverk: **Terence Stamp, Joanna Pettet, Karl Malden.**
Endursýnd kl. 5,15 og 9.
Bönnuð innan 16 ára.

TÓNABÍÓ Sími 31182

Leyndarmál Santa Vittoria
The Secret of Santa Vittoria.



Sérstaklega vel leikin, ný, bandarísk, kvikmynd eftir metsölu-skáldsögu **Roberts Crichton.** Kvikmyndin er leikstýrð af hinum fræga leikstjóra **Stanley Kramer.** Í aðalhlutverki er **Anthony Quinn.** Þeir sem sáu snillinginn Anthony Quinn í myndinni „Grikkinn Zorba'' munu vafalaust hafa mikla ánægju af því að sjá hann í hlutverki borgarstjórans Bombolini í „The Secret of Santa Vittoria. Aðrir leikendur: **Anna Magnini, Virna Lisi, Hardy Kruger.**
Sýnd kl. 5 og 9.

ÁLFNAÐ ER VERK ÞÁ HAFIÐ ER
SAMVINNUBANKINN

ANGARNIR

